

Grindaskarðavegur/Heiðarvegur.

Í blaðinu Fjallkonunni 43.tbl.(06.11.1896.) var birt eftirfarandi:

„Gamall íslendingur í Ameríku. Björn Björnsson í British Columbia, hefur sent Fjallk. langar ritgerðir um vegi á Suðurlandi og koma hér kaflar úr þeim.

11. Grindaskarðavegur. Hann liggur aðallega úr Hafnarfirði enn víðar má koma á hann ef vill. ---Enn úr Kristjánsdöllum fer maður upp Grindaskörð; þau eru ekki brött; skarðið sjálf ör mjótt varp, enn dalir ofan við skarðið; þar skiptast vegir og liggur annar austr yfir eða norðan á heiðinni há, og austur á Þúfnavelli á þeirri heiði hef ég séð fallega hjörð Hreindýra, marga tugi -enn hinn vegurinn liggur í hásuðr til Selvogs“.



Í Árbók Ferðafélags Íslands 1985 bls. 49. Segir Tómas Einarsson frá leið milli Bláfjallahorns og Heiðartopps á Heiðinni Há. Hann stingur upp á að leiðin verði kölluð Heiðarvegur.

„Fyrrum var mikil umferð um Ölfusið. Lestarmenn í aðdráttarferðum og vermenn á leið að og frá verstöðvunum fóru þar um. Mun Heiðarvegurinn þá hafa verið nokkuð fjölfarinn enda styttir hann leiðina mikið milli Hafnarfjarðar og Óseyrarness. Ekki er kunnugt um neina markverða atburði á þessari leið frá fyrri tímum, en ekki er ólíklegt að hún hafi verið farin aðfaranótt 2. Júní 1541, þegar soldátar af dönsku herskipi er lá þá í Hafnarfirði riðu þaðan að Hjalla í Ölfusi þeirra erinda að taka höndum Ögmund Pálsson Skálholtsbiskup sem var í heimsókn hjá Ásdísi systur sinni. Var biskup orðin blindur og örvisa. Sem kunnugt er heppnaðist Dönum erindið. Þeir handtóku biskup eftir nokkur átök og fluttu hann sem fanga vestur til Hafnarfjarðar og um borð í herskipið. Þaðan var látið í haf og andaðist Ögmundur í hafi“.

Leið dönsku hermannana frá Hjalla hefur líklega legið um Selstíg, hjá Hraunseli nokkurn spöl með Lönguhlíð á Lágskarðsvegi. Þaðan yfir að Litla-Sandfelli svo á Þúfnavelli að Ólafsskarðsvegi og á Heiðarveg.

Styðsta leiðin að Heiðarvegi að austan er frá vegamótum Þrengslavegar og afleggjara að Litla-Sandfelli sem er vestan við Þrengslaveg (N63°57.684' W021°27.017'). Oft er afleggjarinn lokaður með keðju af þeim sem vinna efni úr námum í Litla-Sandfelli. Þegar þar er opið er hægt að aka vestur fyrir fellið og þaðan á jeppa eða bíl sem hátt er uppundir um rúma tvo og hálfan km. að beitarhólfsgirðingu á Þúfnavöllum en þá er verið að taka áhættu á að vera lokaður inni ef námumenn loka veginum. Á beitarhólfsgirðingunni er hlið og príla sú austasta af þremur. Best er að ganga jeppaslóð að Geitafelli og þaðan að vestustu prílunni eða ganga með girðingunni innanverðri eftir fjórhjólaslóð hjá annari prílu og svo áfram að þriðju (vestustu) prílunni (N63°57.176' W021°30.844') og fara yfir girðinguna þar. Einnig er hægt að ganga með girðingunni utanverðri að fyrrnefndum punkti. Þaðan er gengið áfram með girðingunni að vörðu sem þjónar bæði Ólafsskarðsvegi og Heiðarvegi. Héðan er stefnt að vörðu syðst á Hrossahryggjum (N63°57.414' W021°32.108') og síðan upp með hryggjunum suðvestanverðum eftir greinilegum götum í grösugum mómum að klettahól með þrem vörðum (N63°57.707' W021°33.312'). Þaðan er stefnt til vesturs upp með árförum og jafnvel er besti vegurinn í farveginum sem er milli hrauns og hlíðar. Eftir rúma sex kílómetra göngu og um 320 metra hækkun frá Þrengslavegi er komið inn að brattri brekku í kverkini við Kerlingahnjúk. Hér hafa verið gerðar vegabætur. Sneiðingur (N63°58.142' W021°36.687') liggur upp á brúnina fyrir ofan og hjá vörðu sem þar er.



Nú er haldið inn með hlíðum Kerlingarhnjúks. Til suðurs er Heiðartoppur á Heiðinni Há með tinda umhverfis gíginn. Leiðin er vörðuð og leiða þær okkur að Bláfjallahorni sem er framundan og sést til gatna með vörðunum. Í björtu veðri er hægt að fara norðan með vörðuröðinni nær hlíðum þar sem aurburður hefur fyllt í hraunið.

Ef tími gefst til er hægt að ganga inn í kverkina á milli Kerlingarhnjúks og Bláfjallahorns sem er kallaður Kerlingardalur rúman einn og hálfan kílómetra að slysstað þar sem orustuflugvél af gerðinni Lightning P38 fórst árið 1944. P38 var með stuttan bol og tvöfalt stél knúin af tveim tólf sýlindra Allison hreyflum og er brak og annar hreyfillinn í gili sem gengur niður frá Hákolli í Bláfjöllum. Hnitið á flakið er (N63°58. 802' W021°36. 586') Hægt er að fylgja stikaðri leið sem kölluð er Reykjavegur að flakinu en Reykjavegurinn heldur svo áfram austur af fjöllumunum. Þegar komið er fyrir Bláfjallahorn lækkar landið ört úr 600 m.y.s. þar sem hæst var niður í um 515 m.y.s. Mikið útsýni opnast hér til vesturs og norðurs. Brennisteinsfjöll til vesturs en nær eru Hvalhjúkur, Austurásar og Vesturásar svo er gígaröðin við Grindaskörð, Stóribolli og Hvolfell. Norðar eru svo Þríhnjúkar og Kóngsfell (stóra). Nær og uppundir Bláfjöllum eru gígar sem heita Strompar.

Leiðin frá Bláfjallahorni liggur um mosavaxna götu niður langa brekku í hraunmulningi sunnan við vörðutippi sem er á hraunbólum með hellisskúta norðan í. Farið er yfir vegslóða frá Bláfjöllum og stefnt norðan við hraunstrýtur í hrauninu frá Heiðinni Há og á mótum þess og hrauns frá Strompum sem eru hér norðan við að áberandi upphlaðinni vörðu á hraunkambi.

Hægt er að skipta hér leiðinni og ganga vegslóðann um einn og hálfan kílómetra að skíðasvæðinu í Bláfjöllum og í bíl þar og er þá þessi hluti um 11 km frá Þrengslavegi.

Frá fyrnefnda vörðu (N63°58.176' W021°40.213') er haldið vestur um hraunsléttu með vörðuröð og sést til gatna af og til. Sunnan við leiðina er gígur sem er eins og lítið eldfjall með hraun umhverfis sem rís dálítið yfir sléttuna. Ekki er vitað um nafn á þessu fyrirbæri.



Ef tími er nægur er hægt að leggja lykku á leiðina til norðurs um rúman einn kílómetra og skoða það sem eftir er af breskri Arvo Anson herflugvél sem af íslenskum flugmönnum var

kölluð Grána í æviminningum Jóhannesar Snorrasonar flugstjóra Skrifað í skýin er kafli á blaðsíðu 129 sem ber heitið „Í óveðri og skothríð á Bresku Gránu“. Hafa Jóhannes og Brandur Tómasson yfirvélamaður lent í miklum lífsháska með Bretunum sem með þeim voru í ferðinni vorið 1944. Skömmu síðar fórst Grána í Bláfjöllum en mannbjörg varð. Grána var að mestu byggð úr trégrind og á strengdur dúkur. Hún var með tvo hreyfla af gerðinni Armstrong Siddley Cheeth. Annar mótörinn liggur á stað (N63°58.983' W021°40.930'). Leifar vélarinnar hafa fokið víðsvegar um svæðið. Undirritaður rakst á nokkuð stórt stykki úr henni norður við Þríhjúkagíg sumarið 1979.

En snúum aftur á Heiðarveg. Vestar við hraunhól eru tvær vörður sitthvorum megin við götuna. Þarna eru gatnamót suður að Litla-Kóngsfelli. Áfram skal haldið og stefnt að Hvolfelli sunnanverðu og er þá komið fram á brún á misgengi sem kallað er Stórkonugjá. Framundan er dalur Stórkonugjá? Dauðidalur er hann kallaður á nýjum kortum. Það getur kallast réttnefni því hann er þakinn hraunum, helluhraunum og úfnum apalhraunum. Ef horft er til suðurs sést við endann á Stórkonugjá stakur gígur opin til norðurs sem heitir Litla-Kóngsfell eftir fjallkóngum því þar skipuðu þeir mönnum til fjárleita. Einnig eru þar sýslumörk Árnessýslu og Gullbringu og Kjósarsýslu og hornmark jarðanna Herdísarvíkur og Krísuvíkur. Yfir Litla-Kóngsfell sjást Draugahlíðar. Sunnan við þær eru Brennisteinsnámur sem nýttar voru um tíma á 1900 öld. Til vesturs sjást Syðstu bollar, norðan við þá er Kerlingarskarð sem var farið til að sækja brennistein úr námuni sem fyrr er getið. Einnig liggur Selvogsgatan um Kerlingarskarð. Norðan við Kerlingarskarð eru Miðbollar og Grindaskörð sunnan við Stórabolla. Haldið er ofan misgengið og fyrir suðurenda Hvolfsfells og er þá Stóribolli framundan. Nú sjást vörður er leiða menn að suðurenda Stórabolla og svo vestur með hlíðum þar til hlíðin fer að hækka en þá er snúið til vinstri út í hraunið á götu og henni fylgt með litlum gígum og jarðföllum niður hlíðina í götum um mosavaxin hraun niður á jafnsléttu.



Við veljum aðra leið og höldum norður með hlíðum Hvolfjalls og að hálsi sem gengur norðaustur frá Stórabolla. Leiðin liggur að vörðu og svo að annari rétt ofar. Hér hafa verið gerðar vegabætur. (N63°58. 714'W021°43.917'). Sniðgata liggur upp hjá vörðunum og síðan upp á hálsinn þar sem varða er á hægri hönd. Nú fer að halla niður að norðanverðu og er gatan nokkuð sýnileg og vörður við hana á stangli. Sumstaðar er gatan á hallandi klöpp og er varasöm í bleytu. Á einum stað þar sem gatan fer yfir lárétta klöpp sést greinilega hve umferðin hefur verið mikil því djúpt spor er markað í hana. Annars er leiðin á hrauni sem hefur fossað niður hlíðarnar úr gígum ofar í hlíðinni. Þegar niður á jafnsléttuna er komið er helluhraun undir fótum og hægt að velja um að slá sér til vesturs á Selvogsgötuna eða stefna í norður að vörðu við götu sem er norðvestan við Bláfjallaveg sem er styttingur á Kristjánsdalastíg. Þá eru gengnir um 18 km. Frá Þrengslavegi. Einnig er hægt að slá sér norður að hlíðum og fara um Kristjánsdali sem eru grösugir og þeir ferðamenn sem fóru hér um með hesta hafa líklega áð þeim þar áður en lagt var í næsta áfanga sem var eftir Kristjánsdalastíg í Kaplatóur (Strandatorfur) þar sem gatan sameinast Selvogsgötuni til Hafnarfjarðar.

Veggjabrot af húsi eru í Kristjánsdölum sem Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur vildi meina að væri frá því að menn fluttu Brennistein úr Brennisteinsfjöllum. Þorvaldur hefur farið um Heiðarveg þegar hann fór kringum Bláfjöll 20. Júlí 1883. (Þorvaldur Thoroddsen Ferðabók 1. Bls.156.) „Eina ferðina fór ég austur með öllum Bláfjöllum að norðan, kringum Vífilfell, upp Ólafsskarð, út með Bláfjöllum að sunnan, yfir Heiðina Há og niður Grindarskörð að Kaldárseli aftur“. Í Kaldárseli „bjó þar gamall, sérvitur einsetukarl, Þorsteinn Þorsteinsson (d 14.júlí 1887) sem áður hafði verið á Lækjarbotnum. (Með Hallberu þar til upp úr slitnaði) Hann þekkti allvel fjöll og örnefni á þessum slóðum og fylgdi mér um nágrennið“. Líklegt má telja að Heiðarvegur hafi verið kallaður Grindaskarðavegur áður fyrr. Þegar leitað var að Klemens pósti í janúar 1792 var álitid að hann hefði farið skemmstu leið yfir fjallgarðinn í Ölfus enda sást síðast til hans við Garðasel sem er við Búrfellsgjá. Voru fjöllin leituð af miklum fjölda manna beggja megin frá. Lík Klemensar fannst nakið í Jórugili í Grafningi um vorið. Póststaskan fannst ekki en í henni voru yfir 300 bréf og þar á meðal annars 148. konungleg afsalsbréf („Skjöder“) fyrir seldum Skálholtsstólsjörðum í Árnassýslu og 24. í Rángárvallasýslu. Söguþættir Landpóstanna fyrsta bindi. Þáttur Klemens Þorsteinssonar 1791. Bls.31-35.

Nú er búið að loka Bláfjallavegi til Hafnarfjarðar við gatnamót við eystri Bláfjallaveg og í vestri við hellinn Leiðarenda og er það sagt vegna vatnsverndar. Við það lengist leiðin í bíl um 7 km niður að Kaldárseli. Eða rúma 5 km. að hellinum Leiðarenda þangað sem hægt verður að komast í bíl. Sú leið er að mestu eftir bílvegi. Leiðin öll yrði þá nálægt 25 km. frá Þrengslavegi að Kaldárseli eða nálægt 23 km. að hellinum Leiðarenda. Þetta er löng ganga yfir fjallgarð upp í sexhundrað metra hæð á einum úrkomumesta stað landsins.

29.janúar 2020. Jón Svanþórsson.